

Mjaðmagrindarbrot meðhöndluð á Landspítala árin 2008-2012.

Unnur Lilja Úlfarsdóttir¹, Gunnar Sigurðsson², Brynjólfur Mogensen^{1,3}

¹Háskóla Íslands, ²lyflækningasviði Landspítala, ³Rannsóknastofu LSH og HÍ í bráðafræðum

unnurlu@landspitali.is

Inngangur: Mjaðmagrindarbrotum hefur ekki verið gefinn mikill gaumur í samanburði við mjaðmarbrot (lærleggshálsbrot/lærhnútubrot) en margt bendir til að þau hafi verið verulega vanmetin m.t.t. afleiðinga fyrir sjúklingana og kostnaðar þjóðfélagsins.

Markmið: Að kanna umfang, eðli og afleiðingar mjaðmagrindarbrot.

Aðferðir: Afturskyggn rannsókn á einstaklingum sem mjaðmagrindarbrotuðu og voru meðhöndlaðir á Landspítala árin 2008-2012. Leitað var í sjúkraskrár eftir ICD-10 greiningum og skráður var fjöldi brota, aldur, kyn, orsök og staðsetning áverka og legutími á LSH.

Niðurstöður: Alls voru 443 einstaklingar sem mjaðmagrindarbrotuðu á þessu tímabili, þar af voru 314 konur (70,9%) og 129 karlar (29,1%). Meðalfjöldi brota á ári var 88,6 sem svipar til meðalfjölda lærhnútubrot (78,2 á ári), á sama tímabili. Lágorkubrotin (eftir fall < 1 m) voru samtals 325 (73,4%) og háorkubrotin voru 114 (25,7%). Af lágorkubrotunum voru konur 81,8% og karlar 18,2% (p<0,0001). Af háorkubrotunum voru konur 39,5% og karlar 60,5% (p=0,03). Meðalaldur sjúklinga með lágorkubrot var 78,5 ár (bil 12-104) sem er töluvert hærri en meðalaldur sjúklinga með háorkubrot (45,2 ár). Algengasta staðsetning lágorkubrot var á lífbeini (67,1%). Hlutfall þeirra sem lögðust inn á LSH eftir lágorkubrot var 66,2% og miðgildi legutíma 10,9 dagar.

Ályktanir: Mjaðmagrindarbrot eru algengust hjá eldri konum og þær brotna oftar við lágorkuáverka. Karlar brotna frekar við háorkuáverka og hafa lægri meðalaldur við brot. Stór hluti leggst inn á Landspítalann til verkjastillingar og hreyfimeðferðar. Flestir aldraðir geta ekki bjargað sér sjálfir eftir brotin og liggja lengi inni. Mjaðmagrindarbrot hafa verulegar afleiðingar bæði fyrir sjúklinga og kostnað fyrir þjóðfélagið.

Comment [t1]: Titill stuttur, skýr og með feitletrun

Comment [t2]: Númer vinnustaðar í brjóstlettri (superscript)

Comment [t3]: Heiti vinnustaðar í eignarfalli

Comment [t4]: Skáletrað nefang tengiliðar

Comment [t5]: Undirfyrirsögn feitletruð og tvípunktur á eftir

Comment [t6]: Eitt línubil eftir undirkafla

Comment [t7]: 12 punkta Times New Roman letur

Comment [t8]: Tölulegar niðurstöður koma fram í texta, engar töflur eða myndir í ágrípi